

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Snæfellsbæ.

1. gr.

Leyfi til kattahalds.

Sækja þarf um leyfi fyrir alla ketti, en einungis eru leyfðir tveir fullorðnir kettir á hverju heimili.

2. gr.

Um leyfisgjöld.

Snæfellsbær innheimtir gjöld vegna kattahalds samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ, nr. 757/2007.

3. gr.

Skráningargjald.

Við leyfisveitingu skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting, kr. 10.500.

Leyfisveiting eftir útrunninn frest, kr. 15.000.

Frestur til að skrá ketti er 2 vikur eftir að köttur er tekinn inn á heimili, en kettlinga skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldrí.

Innifalið í eftirlitsgjaldi katta er greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu, heilbrigðisskoðun dýralæknis og árleg ormahreinsun, jafnframt merkispjald og umsýslugjald sveitarfélagsins.

4. gr.

Eftirlitsgjald.

Af leyfðum köttum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern kött, kr. 8.500.

Ekki er innheimt eftirlitsgjald sama ár og köttur er skráður.

5. gr.

Handsömunargjald.

Við afhendingu handsamaðra katta skal innheimt handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending kattar, kr. 10.000.

Önnur afhending kattar, kr. 20.000.

Fyrsta afhending kattar sem ekki er skráður, kr. 18.000.

Óheimilt er að afhenda óskráðan kött nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar vegna handsamaðs kattar.

Verð pr. sólarhring pr. kött, kr. 2.000.

6. gr.

Afsláttur af eftirlitsgjaldi.

Framvísi eigandi tryggingaskírteini vegna ábyrgðartryggingar og kvittun frá dýralækní um að heilbrigðisskoðun og árleg ormahreinsun hafi farið fram annars staðar á kostnað eiganda, er heimilt að veita 10% afslátt af eftirlitsgjöldum fyrir viðkomandi kött. Þessum skírteinum skal skilað árlega.

7. gr.

Gjalddagi.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. apríl ár hvert og eindagi 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjald-daga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Nr. 1588

10. desember 2020

Við afskráningu kattar er eftirlitsgjald endurgreitt í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

8. gr.

Annað.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, staðfestist hér með, samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samanber samþykkt um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ nr. 757/2007, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Snæfellsbæ, nr. 1215/2019.

Snæfellsbæ, 10. desember 2020.

Lilja Ólafardóttir bæjarritari.

B-deild – Útgáfud.: 2. febrúar 2021